

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/2012

2012/EES/70/13

frá 28. september 2012

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. E3 frá 19. október 2011 um umbreytingartímabilið sem skilgreint er í 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4.2 (ákvörðun nr. E2) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„4.3 **32012 D 0114(01)**: Ákvörðun nr. E3 frá 19. október 2011 um umbreytingartímabilið sem skilgreint er í 95. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 (Stjtið. ESB C 12, 14.1.2012, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. E3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 12, 14.1.2012, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.